

140. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, í fundarherbergi Klausturhóla, 7.6.23 kl.14:45.

Mættir: Auðbjörg Bjarnadóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Jón Atli Jónsson, Kristín Ásgeirsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Dagvistun: Vaxandi þörf fyrir dagvistum. Búið að senda beiðni á Sjúkratryggingar Íslands. Viðmið er 1 rými á hverja 100 íbúa yfir 67 ára aldri í sveitarfélögunum, því munu Sjúkratryggingarnar ekki koma að því að greiða fyrir fleiri en það eina rými sem nú er. Rekstrarnefndin leggur til að sveitarstjórn skoði möguleika á að bæta við og útfæra dagvistun í samráði við forstöðumann.
2. Sjúkraþjálfun. Mikilvægt er að fá sjúkraþjálfara til að koma reglulega, leggja upp æfingaprógramm fyrir heimilismenn og kenna starfsfólki að aðstoða við grunnæfingar. Rekstrarnefndin felur hjúkrunarforstjóra að leita eftir samstarfsaðila (sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, netþjálfun eða annað sem hentar) og kanna kostnað við slíkt fyrirkomulag.
3. Skýrsla hjúkrunarforstjóra. Framlengdur tímabundinn samningur um viðbótarhjúkrunarrýmið um ár í viðbót. Starfsmannamálin voru í góðu lagi í vetur og verða í lagi í sumar. Fyrirsjáanlegar einhverjar breytingar í haust. Sótt var um í Framkvæmdasjóð aldraðra til viðhaldsverkefna. Væntanlegur bíll með lyftu til sveitarfélagsins sem mun nýtast heimilismönnum til dagsferða. Hjúkrunarforstjóri er í samræðum við Sjúkratryggingar um aukinn kostnað vegna aukinnar umönnunarþarfar tiltekins sjúklingahóps. Allt heimilisfólk var skimað fyrir áhættu á vannæringu samkvæmt leiðbeiningum frá Landlæknisembættinu í vor og heilt yfir voru niðurstöður mjög góðar.
4. Mötuneyti. Forstöðumaður mötuneytis mætir til fundar, og fer yfir verkferla og fyrirkomulag á máltíðum. Rekstrarnefnd mælist til þess að í mötuneytinu sé unnið eftir ráðleggingum Landlæknisembættisins um mataræði eldra fólks og að heimilisfólk fái matseðla a.m.k. viku fram í tímann.
5. Rekstraryfirlit fyrstu fimm mánaða kynnt.
6. Önnur mál. Starfsfólk hjúkrunarheimilisins lýsir áhyggjum vegna aukins álags vegna heimilisfólks með íkni vanda. Námskeið í farvatninu varðandi slíka umönnun.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:20.

Jón Atli Jónsson
JAJ

Auðbjörg Bjarnadóttir

Fanney Ásgeirsdóttir

Arna Guðbjörg Matthíasdóttir

Kristín Ásgeirsdóttir

Ragnheiður Hlín Símonardóttir